

## ÆFING: SAMEIGINLEG VERKEFNI MEÐ FORELDRUM

### ÆFINGIN FJALLAR UM:

Að tala um og skipuleggja verkefni sem gefa ykkur sameiginlega reynslu og byggja upp óformleg samskipti við foreldra ásamt því að foreldrahópurinn fær tækifæri til að kynnst innbyrðis.

### SVONA GERIÐ ÞIÐ:

1. Gefið öllum í hópnum tækifæri til að tjá sig um það hvenær ykkur hefur tekist að eiga óformleg samskipti við tvítýngda foreldra, þar sem þið kynnist þeim betur.  
Skrifið stikkorð á eyðublaðið hér á eftir.  
Notið u.þ.b. 10 mín.
2. Ræðið saman um það hvaða verkefni þið gætuð unnið með foreldrum svo þeim gefist tækifæri til að kynnst ykkur á óformlegan hátt þar sem styrkleikar foreldra eru virkjaðir og þar sem foreldrar fá tækifæri til að kynnst innbyrðis.  
Þið getið skráð það sem þið hafið hug á að gera á eyðublaðið.  
Notið u.þ.b. 20 mín.

Hvað gerum við í daglegu starfi til að virkja foreldra í verkefnum leikskólans og til að eiga óformleg samskipti við þá? (T.d. þegar þeir eru að koma með eða sækja börnin, í ferðum o.s.frv.)

Hvað er það sem við gerum með foreldrunum sem skapar tækifæri fyrir þá til að kynnst okkur á óformlegan hátt og þar sem þeir fá tækifæri til að kynnst innbyrðis?  
(t.d. foreldrakaffi, vorhátíð, starfsdagur, verkefni og foreldrafundir).

# TILLÖGUR

## AÐ SAMEIGINLEGUM VERKEFNUM MEÐ FORELDRUM

- Komið á óformlegum samskiptum t.d. með foreldrakaffi og veltið því fyrir ykkur hvernig þið getið komið af stað samræðum við foreldrana
- Sýnið foreldrum hvað börnin hafa gert í tengslum við þemaverkefni. E.t.v. geta eldri börnin leikið eitthvað sem þau hafa upplifað eða leikið ævinýti sem foreldrarnir geta horft á
- Komið á sameiginlegum upplifunum með foreldrunum t.d. sameiginlegri ferð með nýjum börnum og foreldrum þeirra
- Skipuleggið sameiginlegar upplifanir í nágrenninu t.d. í tengslum við flóamarkaði, leikhús, safnanir, hverfaskreytingar
- Veltið því fyrir ykkur hvort börnin geta verið með á foreldrafundum þar sem fjallað er um þemaverkefni sem börnin hafa unnið s.s. eins og haustið, fjölskyldan, heilbrigði, verkefni sem undirbýr börn fyrir grunnskólann o.s.frv.
- Ný nálgun. Spyrjið foreldrana hvaða tími henti þeim best og hvaða umræðuefni stuðli að því að þeir komi á foreldrafund
- Komið á fót bókakaffi eitt síðdegi í mánuði þegar foreldrarnir sækja börnin sín, þar sem foreldrarnir geta komið og lesið góða barnabók eða spilað við barnið sitt, fengið hugmyndir að samræðum í tengslum við lestur, hitt aðra foreldra og fengið sér kaffi/te bolla. Fáðið lánaðar bækur á ýmsum tungumálum t.d. á bókasafninu.

## AÐ VIRKJA FORELDRA

**HVAÐA VERKEFNI VILJUM VIÐ VINNA?**

**HVERT ER MARKMIÐIÐ MEÐ VERKEFNINU?**

**HVER Á AÐ TAKA ÞÁTT Í VERKEFNINU?**  
(foreldrar, börn, systkin, starfsfólk e.t.v. einhverjir utanaðkomandi)

**HVERNIG GETUM VIÐ VIRKJAÐ FORELDRANA – OG GEFIÐ ÞEIM TILGANG MEÐ ÞÁTTTÖKUNNI?**

**HVER BER ÁBYRGÐ Á AÐ SKIPULEGGJA VERKEFNIÐ?**

**HVAÐ ÞARF AÐ GERA SVO VERKEFNIÐ VERÐI FRAMKVÆMANLEGT?**

Verkefni	Hvenær?	Hver sér um það?

**SAMSKIPTI: HVERJIR ÞURFA AÐ FÁ UPPLÝSINGAR UM VERKEFNIÐ OG HVERNIG?**